



Reykjavík 05.10.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 4. október 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Lambhagavegur 27 og 29

Lögð fram umsókn Ólafar G. Valdimarsdóttur, mótt. 18. júlí 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Lambhaga vegna lóða nr. 27 og 29 við Lambhagaveg. Í breytingunni felst tilfærsla á lóðarmörkum þannig að lóð Lambhagavegar 29 stækkar og lóð Lambhagavegar 27 minnkar, samkvæmt uppdrætti BÓ arkitekta, dags. 3. júlí 2017. Einnig lagt fram bréf hönnuðar, dags. 11. júlí 2017.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Visað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: uppdráttur BÓ arkitekta, dags. 3. júlí 2017 og bréf hönnuðar, dags. 11. júlí 2017.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur
B.t. Björns Axelssonar
Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 11. júlí 2017

ERINDI: ÓSK UM BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI LAMBHAGA V. VESTURLANDSVEG, VEGNA LÓÐANNA LAMBHAGAVEGUR 27 OG 29.

Með vísan í 2. mgr. 38. gr. og 1. og 2. mgr 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með óskað eftir heimild umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur til að gera óverulega breytingu á deiliskipulagi Lambhaga v. Vesturlandsveg, vegna lóðanna Lambhagavegur 27 og 29, skv. meðfylgjandi tillögu að deiliskipulagsbreytingu.

Virðingarfyllst,
f.h. lóðarhafa Lambhagavegar 27 og 29,
Benedikts Gabriels Jósepssonar.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, arkitekt FAÍ
BO Arkitektar - Plan 21 ehf
Brúarvogi 1-3
105 Reykjavík

Netfang: plan21@simnet.is
Kennitala: 470105-2160